

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að arður sjálfstætt rekinna leikskóla fari í starf leikskólanna

Fulltrúi Sósíalista í skóla- og frístundaráði leggur til að óheimilt verði fyrir sjálfstætt rekna leikskóla sem sækja fé í opinbera sjóði Reykjavíkurborgar að greiða sér út arð. Einnig eigi þessar takmarkanir við ef hinn sjálfstætt rekni leikskóli er seldur. Rekstrarafgangur verði ávallt nýttur í starfsemi leikskóla.

Greinargerð:

Í skýrslu innri endurskoðunar um sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla frá því í mars 2022 kemur fram að Reykjavíkurborg setji engin skilyrði um arðgreiðslustefnu eða meðhöndlun rekstarhagnaðar eins og gert er í þjónustusamningi við grunnskóla. Sjálfstætt reknum grunnskólum sem fá fjárveitingar frá Reykjavík er óheimilt að greiða sér út arð, en hið sama gildir ekki um leikskóla. Innri endurskoðun tekur fram að hjá nokkrum leikskólum sé greiddur umtalsverður arður til eigenda og svo virðist sem arðgreiðslustefna sé að ganga jafnt og þétt á eigið fé hjá nokkrum skólanna. Það er auðséð að núverandi fyrirkomulag gagnast hvorki borginni né börnunum okkar. Það er óboðlegt að fé úr sameiginlegum sjóði borgarbúa ætlað leikskólum sé að enda í arðgreiðslum eða fjárhagslegum ávinningi fyrir eigendur. Börn eiga ávallt að vera sett í fyrsta sæti. Fulltrúi Sósíalista gerir sér grein fyrir því að ákveðin vinna er í gangi varðandi heilstæða stefnu í leikskólamálum borgarinnar, og þar inni er talað um að girða fyrir arðgreiðslur, en það ætti að vera sjálfsagt mál að koma þessu tiltekna máli í gegn núna í stað þess að bíða lengur.